



REYKJANESBÆR

ERINDISBRÉF

FRAMTÍÐARNEFND

I. Stjórnskipuleg staða

1. gr.

Framtíðarnefnd Reykjaneshæjar starfar samkvæmt 2. tl. B. liðar 57. gr. A samþykktar um stjórn Reykjaneshæjar og fundarskóp bæjarstjórnar. Framtíðarnefnd skal starfa í samræmi við þau lög og reglur sem gilda um nefndir sveitarfélaga, samþykktir Reykjaneshæjar og erindisbréf þetta.

II. Lög og reglur

2. gr.

Um störf nefndarinnar gilda ákvæði V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvæði samþykktar um stjórn Reykjaneshæjar og fundarskóp bæjarstjórnar.

Erindisbréf þetta byggir að auki á ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum ákvæðum annarra laga og reglugerða sem ná til málaflokka nefndarinnar. Framtíðarnefnd skal við undirbúning mála og ákvarðana gæta þess að farið sé að stjórnsýslulögum og reglum um vandaða stjórnsýslu.

Ef það er misræmi milli efnis erindisbréfs, annars vegar, og laga, reglna og samþykktar Reykjaneshæjar, hins vegar, skulu hinar síðarnefndu reglur gilda.

III. Skipan og umboð

3. gr.

Framtíðarnefnd er kosin af bæjarstjórn Reykjaneshæjar, á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Nefndin er kosin til fjögurra ára.

Framtíðarnefnd er skipuð fimm fulltrúum í samræmi við 57. gr. A samþykktar um stjórn Reykjaneshæjar og fundarskóp bæjarstjórnar og jafn mörgum til vara. Bæjarstjórn kys formann.

4. gr.

Framtíðarnefnd er ætlað að fjalla um helstu tækifæri og áskoranir samfélagsins í framtíðinni. Framtíðarnefnd fjallar um lýðræðislega þátttöku íbúa, lýðfræðilegar breytingar, aukna sjálfvirknivæðingu í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna, stafræna stjórnsýslu, framtíðar stefnumörkun gagnvart loftslagsmálum og önnur þverfagleg málefni sem nefndin ákveður eða nefndinni er falið að fjalla um.

IV. Málaflokkar og verkefni

5. gr.

Verkefni framtíðarnefndar eru sem hér segir:

Fjalla um tækifæri og ógnanir framtíðarinnar fyrir sveitarfélagið,

greina þróun og breytingar í tilteknum málaflokkum sem eru líklegar til þess að eiga sér stað á næstu 15 – 20 árum frá upphafi skipunartíma framtíðarnefndar,

vinna að leiðum til þess að auka lýðræðislega þátttöku íbúa,

fjalla um áskoranir vegna fjórðu iðnbyltingarinnar og atvinnuuppbyggingu,

fjalla um sjálfvirknivæðingu og stafræna stjórnsýslu,

taka þátt í framtíðarstefnumótun Reykjanesbæjar,

fjalla um sjálfbærni í tengslum við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna,

fjalla um langtímabreytingar sem kunna að verða á umgengni við náttúruna innan og utan sveitarfélagsins,

vera vettvangur til umræðna um ýmis þróunarverkefni á sviðum og í ráðum og nefndum Reykjanesbæjar,

fjalla um stafrænar umbreytingar s.s. samfélagsmiðla og samskipti við íbúa.

V. Fundir og starfshættir

6. gr.

Formaður framtíðarnefndar boðar til funda nefndarinnar og undirbýr dagskrá að höfðu samráði við bæjarstjóra. Framtíðarnefnd skal að jafnaði halda fund á föstum tíma eigi sjaldnar en 11 sinnum á ári. Auka fund skal halda ef formaður eða tveir fulltrúar óska þess.

Boðað skal til fundar með stafrænu fundarboði ásamt dagskrá að minnsta kosti einum sólarhring fyrir fund.

7. gr.

Fulltrúum er skylt að sækja alla fundi nefndarinnar, nema lögmæt forföll hamli.

Um fundarsköp og málsmeðferð nefndarinnar fer eftir því sem við á samkvæmt II. kafla samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í framtíðarnefnd þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver fulltrúa í nefndinni óskar þess.

Fundir nefndarinnar skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefndin boðið aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um einstök mál.

Fulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi nefndarinnar og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra fundarmenn.

8. gr.

Fundargerðir skulu færðar í fundarritunarkerfi bæjarins. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Í lok fundar skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerðina nema annað sé ákveðið sérstaklega.

Færa skal í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir nefndarmenn skulu við slit fundar rita nöfn sín í gerðabók. Heimilt er að notast við rafrænar undirskriftir.

Nefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

9. gr.

Fundargerðir framtíðarnefndar skulu færðar á dagskrá bæjarstjórnar svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir enda sé í fundargerð skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlun með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi.

10. gr.

Framtíðarnefnd hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi Reykjanesbæjar og hefur ekki boðvald yfir starfsfólki sveitarfélagsins. Nefndin kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum.

VI. Gildistaka

11. gr.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar og tekur gildi þann xx/xx 2020.